

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Fornleifaskráning



Deiliskráning í landi Dilksness, Hjarðarness og Hólaness

Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

2019



Dilksnes um 1940

Efnisyfirlit


Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Fyrri skráningar innan framkvæmdasvæðis	3
Dilksnes í Nesjum	4
Hólar í Nesjum.....	5
Fornleifaskráning.....	6
Samantekt	22
Lokaorð	23
Heimildir.....	24

Mynd á forsíðu: Dilksnesbærinn 1930-1940 séð frá Hornafirði. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft 1991-15-27)

Inngangur

Dilksnesjörðin (landnr. 159472) er ein af eldri jörðum í Útnesjum, en það nefnist byggðin frá Horni inn að Laxá í Nesjum, fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði. Jörðin á sér nokkuð langa búsetusögu, a.m.k. aftur til 16. aldar.¹ Árið 1950 var nýbýlið Hjarðarnes stofnað í landi Dilksness. Hólanes er nes sunnan Þjóðveg 1 sem gengur út í víkina milli Diksness og Lækjarness í norðaustanverðum Hornafirði. Hólanesið er fyrrum landspilda úr landi Hóla (landnr. 159498) en er nú í eigu nýrra eigenda. Í dag er starfrækt gróðrastöð og ferðaþjónusta í Dilksnesi samhliða landbúnaði. Innan jarðamarka Hjarðarness er starfandi steypustöð ásamt því að stundaður er þar landbúnaður. Samkvæmt nýrri deiliskipulagstillögu á að styrkja þessa starfssemi með viðbótar lóðum og byggingareitum innan jarðamarka ofangreindra jarða eins og sjá má á mynd 1.² Fyrirhugðað er að hefja ferðaþjónustu í Hjarðarnesi og í Sölvhamarsmýri norðan Hólaness. Einnig verða reist íbúðarhús á Hólanesi. Í lýsingu skipulagsgerðar segir deiliskipulagssvæðið vera samtals um 44 ha lands. Ekkert gilt deiliskipulag er fyrir ofangreint svæði.³

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var gerð úttekt á skipulagsreitum eins og lög um menningarminjar kveða á um.⁴ Farið var á vettvang 3.-11. september og 11. og 12. nóvember 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Skjáskot af skipulagstillögunni fyrir Dilksnes, Háhól/Hjarðarnes og Hólanes. Sótt á www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal

¹ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls.93

² Efla Verkfræðistofa, 2019 bls. 5

³ Efla Verkfræðistofa, 2019 bls. 7

⁴ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Tilgangur fornleifaskráningar er verndun menningarminja í eigin umhverfi.⁵

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

⁵ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ). Skráningarformið er á þessa veginum:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Fyrri skráningar innan framkvæmdasvæðis

Árið 2006 tók Byggðasafn Skagfirðinga út nýtt vegstæði vegna fyrirhugaðrar færslu á þjóðveginum um Hornafjörð.⁶ Í þeirri úttekt skráðust 5 minjastaðir í landi Dilksness (159472-20-2 til 159472-20-6) og 3 minjastaðir í landi Hóla (159498-21-2 til 159498-21-4). Fornleifastofnun Íslands skráði minjar innan áhrifasvæðis lagnalínu nýrrar hitaveitu í Hornafirði árið 2015.⁷ Ein skráning féll innan jarðamarka Dilksness (SF-020:025). Ofangreindar minjar falla ekki innan úttektarsvæðisins sem þessi skráning nær yfir.

⁶ Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise & Margrét Hallmundsdóttir, 2006 bls. 65-74

⁷ Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2015 bls. 8

Dilksnes í Nesjum

Í Byggðasögu Austur Skaftafellssýslu segir um Dilksnes: „Jörðin liggur innst á nesinu milli Skarðsfjarðar að austan og Hornafjarðar að vestan. Ganga nes úr landinu beggja megin og víkur skerast inn í það. Land jarðarinnar er dálítið mishæðótt, hólar með mýrarsundum á milli.“⁸ Mynd 2 sýnir i einkenni lands í Dilksnesi, þar sem hólarnir eru ríkjandi í landslaginu.

Samkvæmt heimildum nær búsetusaga Dilksness a.m.k. aftur til 16. aldar.⁹ Þá var jörðin í eigu Teits Þorleifssonar ríka, barnabarns Teits ríka Gunnlaugssonar er bjó í Bjarnanesi á 15. öld. Árið 1522 er jörðin seld Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi.¹⁰

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1708-1709 segir: „*Dilknes*. Dómkirkju jörð. vj hndr. Landsk. X aurar. Kúgildi 3. Kvaðir eru skipsáróður við ósinn, hestlán og dagsláttur. Eingja ítak hefur jörðunni lagt verið frá Bjarnanesi. Skógar ítak á jörðin í Dals jörðu, sem heitir Dilkness-skógur; er ánægjulegur til kolagerðar og eldingar.“¹¹

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Dilksnes skráð í bændaeign, dýrleiki 6 hndr og landskuld 60 álnir, kúgildi 2 og einn eigandi að jörðinni.¹²



Mynd 2. Horft af Dilksneshólnum til austurs yfir bæjarhlað Dilksness og í átt að Hjarðarnesi. Ljós. SGB, sept. 2019.

⁸ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 143

⁹ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13 bls. 93

¹⁰ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13 bls. 93

¹¹ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 20

¹² J. Johnsens, 1847 bls. 2

Hólar í Nesjum

Land Hóla liggur upp af vík sem gengur til norðausturs úr Hornafirði milli Lækjarness og Dilksness. Nes gengur fram í víkina, nefnt Hólanes(sjá mynd 3). Jarðamörk Hóla til forna voru frá vestri til austurs við landamörk Árnanes, Dilksness og Þinganes en til fjalla í norðri á hreppamörkum Nesja og Lóns.¹³ Þar til nýlega tilheyrði Hólanesið áður landi Hóla í Nesjum.

Hóla er fyrst getið í heimildum frá 16. öld þegar hálf jörðin er seld Skálholtsbiskupi ásamt fleiri eignum Teits Þorleifssonar ríka.¹⁴ Í Byggðasögu Austur Skaftafellssýslu segir: „Hólar eru ein af stærstu jörðum í Nesjahreppi og þar munu jafnan hafa búið gildir bændur og á tímabilum valdamenn, enda Hólar í tölu höfuðbóla.“¹⁵

Árið 1697 er jarðamat Hóla reiknað til 26 hndr og 80 álnir.¹⁶ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er landverð 16 hndr en landskuld 1 hundrað og 40 álnir.¹⁷ Árið 1861 er mat hennar komið niður í 15,3 hndr.¹⁸



Mynd 3. Horft til suðurs yfir Hólanes frá Sölvhamarsmýri við Bergá. Ljós. SGB, sept. 2019.

¹³ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 152

¹⁴ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13 bls. 93

¹⁵ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 151


¹⁶ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 153

¹⁷ Johnsen, 1847 bls. 2

¹⁸ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 153

Fornleifaskráning

Samtals voru 22 minjastaðir skráðir í þessari úttekt (sjá myndir 4, 7, 21 og 27). Skráningin fékk verkefnanúmerið 2079 hjá Minjastofnun Íslands og er því stofn í auðkennisnúmeri hverrar skráningar.



Mynd 4. Myndkort með skráðum minjum í landi Dilksness, Hjarðarness og Hólaness 2019. Úttektarsvæðið í þessari skráningu er samsvarandi útmörkum deiliskipulagstillögu.

Auðkennisnúmer: 2079:001 - Dilksnes

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „Bærinn í Dilksnesi stendur sunnan undir allháum hóli vestarlega í túninu.“¹⁹ Vitað er að bæjarhúsin í Dilksnesi hafi verið endurbyggð svo til á sama stað a.m.k. fjórum sinnum frá seinni hluta nítjándu aldar og fram til 1930. Við eigendaskipti að jörðinni árið 1870 voru bæjarhúsin rifin og nýtt hús reist sama ár. „Nýi bærinn var þverhús, og var baðstofa austan megin, en eldhús að vestan. Bæjardyr voru austasti hluti þverhússins, og voru þar tvær stofur undir lofti, en fjós undir hálfri baðstofu. Bygging þessi var öll undir torfbaki, en þil að framan.“²⁰ Jarðeigandi endurbyggði bæinn í annað sinn rúmum 10 árum seinna og nú með kjallara. Árið 1898 var bærinn endurbyggður í þriðja sinn, þrjú rennuhús með járnpaki og fjósi við baðstofugaflinn. Byggingin stóð til 1927 þegar járnklætt þverhús úr timbri með kvistum á norður- og suðurhlið leysti eldra hús af hólmi. Seinna var steinsteypt íbúðarhús reist vesta við Dilksnesbæinn og var búið í því a.m.k. fram til 1950 (sjá mynd 5).²¹ Árið 1963 var nýtt steinsteypt íbúðarhús reist mun austar í túninu og stendur það enn.

Staðsetning: A 683502.887 – N 425917.838

Sérheiti: Dilksnes

Tegund: heimild

Hlutverk: bæjarstæði

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til fornleifa

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Yngstu bæjarhúsin á gamla bæjarstæðinu stóðu í röð frá austir til vesturs og snéru framhliðum til suðurs. Austast var járnklætt tveggja hæða timburhús, þverhús með kvistum að norðan og sunnan (sjá mynd 6). Þar næst kom áfast steinsteypt íbúðarhús, einnig tveggja hæða. Vestan þess voru útihús sem byggð voru á fyrri hluta 20. aldar, steinsteypt hlaða og fjós með haughúsi og safnþró. Vestast stóðu smiðja, hjallur og taðkofi.²² Þegar þessi hús voru reist á sínum tíma komu fornar hleðslur og lausamunir í ljós. Þegar tekið var



Mynd 5. Gamla bæjarstæðið í Dilksnesi. Ljósmyndin er frá því um 1940 og varðveitt í Héraðskjallasafni A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft 1991-15-21).

¹⁹ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 145

²⁰ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 145

²¹ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 146

²² Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, 2019 munnleg heimild

fyrir grunni að geymslu sem nú stendur vestarlega á gamla bæjarstæðinu var komið niður á hleðslur sem taldar eru mjög gamlar.²³



Mynd 6. Dilksnesbærinn 1942, timburhúsið er hægra megin en steypa viðbyggingin til vinstri. Vinstra megin við íbúðarhúsin stendur hlaðan. Ljósmynd varðveitt á Héraðsskjalasafni A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft 1994-1-42).



Mynd 7. Skráðar minjar 001 -013 í landi Dilksness varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

²³ Bjarni Hákonarson Dilksnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:002

Sunnan við bæjarhúsin var kálgarður sem breytt var í trjáræktar- og skrautgarð um 1930, með þeim fyrstu á landinu. Komið var með fyrirmenni til að sýna garðinn og árangur ræktunarinnar.²⁴

Staðsetning: A 683509.173 – N 425893.141

Sérheiti:

Tegund: jarðræktarsvæði

Hlutverk: matjurtagarður/
skrautgarður

Aldur frá: 1880

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: jarðræktarsvæðið hefur verið um 500m² að stærð.

Garðveggir hafa verið hlaðnir en eru að mestu horfnir fyrir

utan garðbrot vestast í garðinum. Uppmæling af garðlaginu er varpað á loftmynd á mynd 7. Svæðinu hefur ekki verið haldið við og er nú komið í órækt (sjá mynd 8).



Mynd 8. Kálgarðurinn og skrautgarður fyrir miðri mynd sunnan við gamla bæjarhlaðið. Ljós. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2079:003

Staðsetning: A 683508.716 – N 425889.307

Sérheiti:

Tegund: niðurgröftur með hleðslu

Hlutverk: brunnur

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1930

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Brunnurinn er innan matjurtargarðsins (002) (sjá mynd 9) og var í notkun fram að því að vatn var leitt í bæinn eftir 1920.²⁵



Mynd 9. Rauður hringur afmarkar staðsetningu brunnsins, horft af Dilknseshól til suðurs. Ljós. SGB, sept. 2019.

²⁴ Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, 2019 munnleg heimild

²⁵ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 146

Auðkennisnúmer: 2079:004

Efst á Dilksneshólnum norðan við bæinn stóðu 2 vindmyllur.²⁶

Staðsetning: A 683506.166 – N 425947.482

Sérheiti: Dilksneshóll

Tegund: heimild

Hlutverk: vindmylla/rafstöð

Aldur frá: 1880

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Ekki sjást ummerki eftir myllurnar á hólnum (mynd 10). Heimildamenn lýsa svæðinu sem leiksvæði barna sem ólust upp í Dilksnesi á fyrri hluta 20. aldar.²⁷



Mynd 10. Vindmyllurnar stóð upp á hólnum. Ljós. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2079:005

Norðan við Dilksneshólinn, sunnan í Rana og ofan við Lág er hús undir þaki. Húsið var notað sem sauðakofi en seinna nýtt sem reykhus en er ekki lengur í notkun.²⁸

Staðsetning: A 683486.819 – N 426004.210

Sérheiti:

Tegund: hús

Hlutverk: sauðakofi/reykhus

Aldur frá: 1900

Aldur til: 2000

Friðlýst: nei

Ástand: heillegar minjar

Hætta: engin hætta

Vegghæð frá: 0,8 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 1,3 m



Mynd 11. Reykhúsið (005) sunnan í Rana, horft til norðurs. Ljós. SGB, sept. 2019.

Lýsing: Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti með bárujárnsklæddu þaki (sjá mynd 11), stærð 6,5 x 4 m. Húsið hefur stefnu N-S og snúa dyr til suðurs en eru hurðalausar.

²⁶ Lovísa og Sigurður Eymundsbörn Hjarðarnesi og Framnesi, 2019 munnleg heimild

²⁷ Lovísa og Sigurður Eymundsbörn Hjarðarnesi og Framnesi, 2019 munnleg heimild

²⁸ Lovísa og Sigurður Eymundsbörn Hjarðarnesi og Framnesi, 2019 munnleg heimild

Þaksperrur standa en þakplötur eru flestar farnar af. Heimildamenn telja húsið gamalt.

Auðkennisnúmer: 2079:006

Yst á Rana eru minjar eftir útræði frá Dilksnesi fyrr á tímum. Bálkinn, þ.e. bryggja og naust en þaðan réru bændur í Dilksnesi út í Hornafjörðinn (sjá myndir 12 og 13). Veitt var lúra, silungur og selur.²⁹



Myndir 12 og 13. T.v. Bálkinn eða bryggjan yst á Rana og vör eða lending á mynd til hægri. Ljósm. SGB, nóv. 2019.

Staðsetning: A 683441.678 – N 426053.384

Sérheiti: Bálkinn

Tegund: steinalögn

Hlutverk: bryggja

Aldur frá: 1800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Steinalögn vestast á tanganum neðan Rana sem gengur út í fjörðinn. Norðaustan við Bálkann eru enn sjáanleg ummerki um varir eða lendingu fyrir bátana (sjá myndir 12 og 13 hér ofar).

²⁹ Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:007

Rétt upp af Bálknum er mikið gróin og óljós tóft sem líklega gæti verið eftir gamalt uppsátur.³⁰

Staðsetning: A 683446.180 – N 426039.060

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: naust

Aldur frá: 1800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Tóftin er norðan í hólum þar sem Rana hallar til strandarinnar. Að sögn heimildamanns er þetta mjög gömul tóft (sjá mynd 14).



Mynd 14. Tóft (007) yst á Rana sunnan Bálkans (006). Mögulega eftir uppsátur. Ljós. SGB, nóv. 2019

Auðkennisnúmer: 2079:008

Vegur lá frá fjósi og hlöðu vestur fyrir Dilksneshólinn og niður í Lágina og áfram með bakkanum út að bryggjunni vestan í Rana.³¹

Staðsetning: A 683463.184 – N 426005.463

Sérheiti:

Tegund: gata

Hlutverk: leið

Aldur frá: 1800

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Ennþá mótar fyrir vegslóðanum á hluta vestan frá geymslunni sem nú stendur vestast á gamla bæjarstæðinu.

Slóðin hverfur í Láginni en sést greinilega utan í hólum yst á Rana (sjá mynd 15).



Mynd 15. Vegur lá frá hlöðunni og út að bryggjunni (006). Enn mótar fyrir slóðanum nyrst á Rananum og neðan við Dilksneshólinn (sjá einnig mynd 7). Ljós. SGB, nóv. 2019.

³⁰ Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild

³¹ Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:009

Í miðri Láginni suður af Rana var haugur en nú er búið að slétta yfir (sjá mynd 16).³²

Staðsetning: A 683474.863 – N 425987.938

Sérheiti: Láginn

Tegund: frásögn

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Heimildamaður telur að þarna hafi verið manngerður fornmannahaugur.



Mynd 16. Meintur fornmannahaugur í láginni sunnan Rana, afmarkaður með rauðum hring. Ljós. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2079:010

Norðaustan við Dilksneshól neðarlega í túni er Sjöbræðraleiði.³³ Sagt er að sjö bræður hafi látist úr Svartadauða á 15. öld og verið jarðaðir þarna í túninu.

Staðsetning: A 683539.848 – N 426008.375

Sérheiti: Sjöbræðraleiði

Tegund: frásögn

Hlutverk: legstaður

Aldur frá: 1400

Aldur til: 1500

Friðlýst: nei

Ástand: sést ekki til fornleifa

Hætta: Hætta vegna rasks

Lýsing: Framan af 20. öld sást til leiðanna neðarlega í túninu (sjá mynd 17). Leiðin lágu í röð frá austri til vesturs og voru mis há en greinileg, það fremsta (syðsta) sýnu hæst.³⁴ Börnum í Dilksnesi var bannað að leika sér nærri leiðunum.



Mynd 17. Sjöbræðraleiði voru neðarlega í túni norðaustan við Dilksneshólinn. Ljós. SGB, nóv. 2019.

³² Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild.

³³ Lovísa og Sigurður Eymundsbörn Hjarðarnesi og Framnesi, 2019 munnleg heimild

³⁴ Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:011

Heimatún Dilksness var mishæða og ekki samfelld.³⁵ Í örnefnaskrá segir: „Frá Rana austan við Hólinn [Dilksneshól] heitir Partur, gamalt tún.“³⁶

Staðsetning: A 683539.304 – N 425978.375

Sérheiti: Partur

Tegund: heimild

Hlutverk: tún

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Gamla túnið Partur var mjór túnskiki beint austan og neðan við Dilksneshólinn. Nú vaxa þar grenitré og Partur orðinn hluti af stærra túni (sjá mynd 18).



Mynd 18. Partur var túnskiki norðaustan við Dilkneshólinn. Ljósm. SGB, sept. 2019.

Auðkennisnúmer: 2079:012

„Útihús voru áður úti um tún. Eru útihúsinn nú í tvennu lagi: ... og fjárhús með hlöðu í norðaustur frá bænum.“³⁷

Staðsetning: A 683585.409 – N 426028.364

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: fjárhús og hlaða

Aldur frá: 1930

Aldur til: 1980

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Um 50 m norður af núverandi íbúðarhúsi í Dilksnesi stóðu útihús sem jöfnuð voru við jörðu á áttunda áratug síðustu aldar (sjá mynd 19).



Mynd 19. Fjárhúsin (012) stóðu nyrst í túninu (rauður rammi). Ljós. SGB, sept. 2019.

³⁵ Bjarni Bjarnason, 1971 bls.146

³⁶ Örnefnaskrá – Dilksnes, - I

³⁷ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 146

Auðkennisnúmer: 2079:013

Norðaustan við íbúðarhúsið í Dilksnesi stóð hesthús.³⁸ Austan við hesthúsið stóð annað lítið hús og rétt.³⁹

Staðsetning: A 683651.252 – N 425992.157

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: hesthús og rétt

Aldur frá: 1900

Aldur til: 1980

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Hesthúsið og réttin stóðu u.þ.b. 30 m norðaustan við íbúðarhúsið í Dilksnesi. Í dag stendur lítið frístundarhús rétt austan við þar sem hesthúsið stóð áður (sjá mynd 20).



Mynd 20. Hesthúsið stóð í norðaustur frá íbúðarhúsinu, rétt sunnan við frístundahúsið til hægri á mynd. Ljósm. SGB, sept. 2019.

³⁸ Bjarni Hákonarson Dilksnesi, 2019 munnleg heimild.

³⁹ Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild



Mynd 21. Myndkort af skráðum minjum (014-018) í landi Hjarðarness, varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Auðkennisnúmer: 2079:014

Sunnan við veginn að Dilksnesbænum er nátthagi.⁴⁰

Staðsetning: A 683814.257 – N 425972.002

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: nátthagi

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: sést til minja

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 1,5 m



Mynd 22. Horft til vesturs yfir nátthagann. Ljós. SGB,

Lýsing: Garðarnir eru úr torfi, vestasti garðurinn er um 38 m langur en sá eystri um 45 m. Þriðja garðlagið liggur 45 m til vesturs meðfram veginum (sjá mynd 21 og 22).

⁴⁰ Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:015

Efst á hólnum austan nátthagans er tóftarbrot (sjá mynd 21).⁴¹

Staðsetning: A 683836.032 – N 425988.417

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,3 m



Mynd 23. Efst á hólnum austast í nátthagnum er vallargróin tóft og erfitt að sjá lögun hólfa. Ljós. SGB, sept. 2019.

Lýsing: Vallargróin tvíhólfa tóft, stærð ca 9 x 8 m (sjá mynd 23). Tóftin er ofarlega í hólnum austan af nátthagnum og liggur fast við norðurenda túngarðsins sem myndar eystri vegg nátthagans. Tóftin snýr suðaustur-norðvestur með op í norðvestur.

Auðkennisnúmer: 2079:016

Suðvestan í hólnum þar sem bærinn Hjarðarnes stendur er hellisskúti (sjá mynd 24). Sagt er að í þessum hellisskúta hafi maður einn Hallur að nafni, haldið til þegar hann vildi vera einn út af fyrir sig.⁴²

Staðsetning: A 683875.203 – N 426003.734

Sérheiti: Hallshellir

Tegund: hellir

Hlutverk: skjól

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Áður var hægt að skríða inn undir klettaskútann en nú hefur gróið að mestu fyrir opið.



Mynd 24. Hellisskútinn er suðvestan í hólnum. Mikið hefur gróið fyrir hellisskútann. Ljós. SGB, nóv. 2019.

⁴¹ Bjarni Hákonarson Dilksnesi, 2019 munnleg heimild

⁴² Sigurður Eymundsson Framnesi, 2019 munnleg heimild

Auðkennisnúmer: 2079:017

Ábúandi í Dilksnesi 1870-1902 reisti sér smiðju á bæjarhlaðinu stuttu eftir að hann tók við jörðinni. Smiðjan var flutt að Hjarðarnesi eftir 1950.⁴³

Staðsetning: A 683995.893 – N 426060.907

Sérheiti: Smiðjan

Tegund: hús

Hlutverk: smiðja

Aldur frá: 1868

Aldur til: 2019

Friðlýst: nei

Ástand: heillegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Smiðjan er í húsi sunnan við hólinn sem Hjarðarnesbýlið stendur á (sjá mynd 21). Húsið er endurgert að utan og hefur verið klætt með bárujárnri. Á mynd 25 má sjá smiðagrip og tól frá 19. öld en þau eru varðveitt í smiðjunni.



Mynd 25. Mikið af smiðagripum eru varðveitt í smiðjunni. Ljós. SGB, nóv. 2019.

Auðkennisnúmer: 2079:018

Fjárhús stóðu rétt vestan við Hjarðarnesbæinn (sjá mynd 21).⁴⁴

Staðsetning: A 683866.448 – N 426072.353

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá: 1935

Aldur til: 1980

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 1,0 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Útveggir tóftarinnar eru varðveittir inn á lóð við Háhól vestan Hjarðarness (mynd 26).



Mynd 26. Leifar af fjárhúsi í Hjarðarnesi (018). Ljós. SGB, nóv. 2019.

⁴³ Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, 2019 munnleg heimild

⁴⁴ Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, 2019 munnleg heimild



Mynd 27. Skráðar minjar (019-022) í Hólanesi, fyrrum landi Hóla í Hornafirði.

Auðkennisnúmer: 2079:019

Norðarlega á Hólanesi austanverðu er gamalt bæjarstæði (sjá mynd 27), þar var búið frá 1897 og fram yfir aldamótin 1900.⁴⁵ Byggð var baðstofa og ábúendur höfðu góðan kartöflugarð en þurftu afnot af túnnum í heimalandi Hóla.⁴⁶ Búið var í Hólanesi í um 3 ár er ábúendur fluttu til Vesturheims og þar með lauk búsetu á Hólanesinu.

Staðsetning: A 684132.727 – N 426919.237

Sérheiti: Hólanes

Tegund: rúst

Hlutverk: bæjarstæði

Aldur frá: 1897

Aldur til: 1900

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Enn mótur fyrir bæjarstæðinu (mynd 28) en tóftir eru illa farnar vegna uppblásturs og ágangs skeppna.



Mynd 28. Rústahóll eru einu ummerkin um baðstofubýgginguna í Hólanesi. Ljós. SGB, sept. 2019.

⁴⁵ Þorleifur Jónsson, 1954 bls. 290

⁴⁶ Þorleifur Jónsson, 1954 bls. 290

Auðkennisnúmer: 2079:020

Sunnar í Hólanesinu, um 100 m suður af bæjarstæðinu (019) er tvíhólfa tóft (sjá mynd 27).⁴⁷

Staðsetning: A 684115.140 – N 426812.817

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 1897

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 0,6 m

Veggjabreidd: 0,5 m

Lýsing: Tóftin er mikið gróin tvíhólfa tóft, stærð ca 6 x 7 m. Tóftin stendur norðan og ofan við nátthaga (mynd 29).



Mynd 29. Uppmæling af tóft 020 og nátthaga 021 í Hólanesi. Ljós. SGB, sept.2019.

Auðkennisnúmer: 2079:021

Fast við tóftina (020) sunnan í Hólanesinu eru leifar af nátthaga (sjá mynd 27) og var hann notaður sem kartöflugarður um tíma.⁴⁸

Staðsetning: A 684110.949 – N 426803.400

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: nátthagi

Aldur frá: 1897

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 0,7 m

Veggjabreidd: 0,7 m

Lýsing: Stærð nátthagans er um 12 x 17 m og hallar til suðurs af hólum (mynd 30).



Mynd 30. Nátthaginn í Hólanesi (021), horft til norðausturs. Ljós. SGB, sept.2019.

⁴⁷ Þorleifur Hjaltason, frásögn 1997

⁴⁸ Þorleifur Hjaltason, frásögn 1997

Auðkennisnúmer: 2079:022

Mótekja var í landi Hóla samkvæmt Byggaðsögu Austur-Skaftafellssýslu.⁴⁹ Mórinn var tekinn í Sölvhamarsmýri, mýri sunnan við þjóðveginn skammt vestur af brúnni á Bergá (sjá mynd 27).

Staðsetning: A 684010.416 – N 427258.532

Sérheiti: Sölvhamarsmýri

Tegund: heimild

Hlutverk: mógrafir

Aldur frá: 1500

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Mýrin er nú uppgróið svæði og ekki sést til mógrafa eða annarra ummerkja um mótekjuna (sjá mynd 31).



Mynd 31. Horft til norðvesturs yfir Sölvhamarsmýri. Ljósm. SGB, sept.2019.

⁴⁹ Bjarni Bjarnason, 1971 bls. 152

Samantekt

Samtals voru 22 minjastaðir skráðir og hnitsettir innan jarðamarka Dilksness, Hjarðarness og Hólaness. Eftirfarandi tafla tekur saman skráninguna, sem sýnir tegund, hlutverk, aldur og hættumat þeirra hnitsettu minjastaða sem skráðir voru.

Tafla 1. Yfirlit skráðra minja innan deiliskipulagsreitsins.

<u>Auðkenni</u>	<u>Sérheiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>	<u>Aldur</u>	<u>Hætta</u>
2079:001	<i>Dilksnes</i>	heimild	híbýli/bæjarstæði	1500-1950	hætta v. rasks
2079:002		jarðræktar-svæði	matjurtagarður	1880-1950	hætta v. rasks
2079:003		niðurgröftur	brunnur	1500-1930	hætta v. rasks
2079:004	<i>Dilksneshóll</i>	heimild	vindmylla/rafstöð	1880-1950	engin hættu
2079:005		hús undir þaki	reykhús	1800-2000	engin hættu
2079:006	<i>Bálkinn</i>	steinalögn	bryggja	1800-1950	engin hættu
2079:007		tóft	naust	1800-1950	engin hættu
2079:008		gata	leið	1800-1950	engin hættu
2079:009	<i>Lágin</i>	frásögn	óþekkt	1500-1950	engin hættu
2079:010	<i>Sjöbræðraleiði</i>	frásögn	legstaður	1400-1500	hætta v. rasks
2079:011	<i>Partur</i>	heimild	tún	1500-1950	engin hættu
2079:012		heimild	fjárhús og hlaða	1930-1980	engin hættu
2079:013		heimild	hesthús	1900-1980	engin hættu

<u>Auðkenni</u>	<u>Sérheiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>	<u>Aldur</u>	<u>Hætta</u>
2079:014		tóft	nátthagi	1500-1950	hætta v. rasks
2079:015		tóft	óþekkt	1500-1950	hætta v. rasks
2079:016	<i>Hallshellir</i>	hellir	skjól	1500-1950	engin hætta
2079:017	<i>Smiðjan</i>	hús undir þaki	smiðja	1868-2019	hætta v. rasks
2079:018		tóft	fjárhús	1935-1980	hætta v. rasks
2079:019	<i>Hólanes</i>	rúst	bæjarstæði	1897-1900	hætta v. rasks
2079:020		tóft	óþekkt	1897-1950	hætta v. rasks
2079:021		garðlag	nátthagi	1897-1950	hætta v. rasks
2079:022	<i>Sölvhamarsmýri</i>	heimild	mógrafir	1500-1950	hætta v. rasks

Lokaorð

Jarðlægum minjum í landi Dilksness, Hjarðarnesi og Hólanesi ætti ekki að stafa hætta af framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru samkvæmt deiliskipulagstillögu sem lögð var til grundvallar ofangreindri skráningu að undanskildu almennu raski vegna framkvæmdanna. Elsta bæjarstæðið í Dilksnesi er nú þegar raskað og komið hafa í ljós bæði fornleifar og gripir við seinni tíma framkvæmdir. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan hans samkvæmt deiliskipulagstillögu (sjá byggingareit B8 á skipulagsupprætti).

Jarðirnar Dilksnes og Hólar eiga nær óslitna búsetusögu allt frá 16. öld og fram á þennan dag. Löng búsetusaga eykur líkur á að minjar geti leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípír og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Heimildir

Ritaðar heimildir:

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2015). *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni Bjarnason (1971). Byggðasaga Nesjahrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi* (bls. 111-282). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Efla Verkfræðistofa (2019). *Háhóll og Dilksnes í Sveitarfélaginu Hornafirði - Deiliskipulag 21.02.2019*. Sótt á <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal>

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IX. bindi 1262-1536 (1909-1913). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi.

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir (2006). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.

Johnsen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J.Johnsen.

Jón Þorkelsson (1918-20). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. I. Bindi (bls. 1-38). Reykjavík: Sögufélagið.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmyndagrunnur. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012

Þorleifur Jónsson (1954). *Þorleifur í Hólum – Ævisaga*. Reykjavík: Skaftfellingafélagið gaf út.

Örnefnaskrá fyrir Dilksnes, Stefán Einarsson skráði (1973). Heimildamaður: Jón Björnsson f. 1900. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Munnlegar heimildir:

Bjarni Hákonarson Dilksnesi, september 2019

Lovísa Eymundsdóttir Hjarðarnesi, nóvember 2019

Sigurður Eymundsson Framnesi, nóvember 2019

Þorleifur Hjaltason Hólum, 1997